

Embættisafgreiðslur skrifstofu borgarstjórnar 26. október 2017 - R17100004

	Fundargerðir:	
	Annað:	
R17100404	Kvörtun Berglindar K. Þorsteinsdóttur vegna Þjóðhildarstígs 2-6, dags. 19.10.'17.	Sent byggingafulltrúa til meðferðar.
R17070107	Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um ábyrgð borgarstjóra á Orkuveitu Reykjavíkur, Veitum, og heilbrigðisnefnd, dags. 20.7.'17.	Sent borgarlögmanni til umsagnar.
R16050188	Erindi stjórnar Laugardalsættar varðandi Víkurgarð, dags. 17.10.'17,	Sent umhverfis- og skipulagssviði til meðferðar og borgarfulltrúum til kynningar.
R17100394	Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um rekstur upplýsingamiðstöðvar.	Sent menningar- og ferðamálasviði til umsagnar.
R17080139	Umsögn hverfisráð Grafarvogs um leið 6 og 6a hjá Strætó bs., dags. 17.10.'17	Sent Strætó bs. til umsagnar.
R17020174	Gjaldskrá um meðhöndlun úrgangs.	Sent fjármálaskrifstofu til meðferðar.
R16110062	Erindi nemendaráðs Húsaskóla um skólalóð skólans, dags. 27.9.'17.	Sent umhverfis- og skipulagssviði til umsagnar.
R16110062	Erindi Baldurs Hrafn Einarssonar um að settur verði battavöllur á skólalóð Húsaskóla, dags. 25.9.'17.	Sent umhverfis- og skipulagssviði til umsagnar.
R17060018	Erindi foreldrafélags Melaskóla varðandi húsnæðismál skólans, dags. 18.10.'17.	Sent skóla- og frístundasviði og umhverfis- og skipulagssviði til umsagnar.
R17090182	Bókun hverfisráðs Grafarvogs um opnunartíma sundlauga, dags. 17.10.'17.	Sent íþrótt- og tómstundaráði og borgarfulltrúum til kynningar.
R11060102	Bókun skipulagsnefndar Garðabæjar varðandi aðalskipulag Reykjavíkur - reit 25, dags. 12.10.'17.	Sent umhverfis- og skipulagssviði.
R17100434	Erindi Sverris Vilhjálmssonar varðandi Íslandsvörðuna, dags. 23.10.'17.	Sent menningar- og ferðamálasviði til meðferðar.
R16070114	Bréf Minjastofnunar Íslands um friðlýsingu Hljómskála, dags. 16.10.'17.	Sent umhverfis- og skipulagsráði til kynningar.

From: Berglind Karitas Thorsteinsdottir [<mailto:berglindk2010@gmail.com>]

Sent: 19. október 2017 15:26

To: Ágúst Thorstensen; Nikulás Úlfar Másson; Björn Ingi Edvardsson; Björn Axelsson; Helga Björk Laxdal

Subject: Mótmæli notkun á hurð og mikilli umferð á baklóð í tengslum við skólaball í kvöld.

Góðan dag,

Í gær var kvartað yfir sama. Nú í dag er einnig umferð vegna skólaballs í kvöld nú 3 sendibílar með tónlistargræjur. Því hefur verið umferð vegna þessa eina skólaballs og flutningar á bakhlið í tvo daga, samtals 4 sendibílar.

Ég mótmæli því að sífellt séu jákvæðar umsóknir vegna skólaballa þrátt fyrir að eigandi sinni hvorki kröfum í meðfylgjandi bréfi frá byggingarfulltrúa né gildandi deiliskipulagi. Engin umferð á að vera þarna, hvorki á nóttu né degi.

Borgin ætti að sjá sóma sinn í að ganga frá borgarlandinu í stað þess að auðvelda þennan akstur þarna.

Látum vera þó ég heyri nú í tónlist innan úr húsinu þar sem hurðin er meira og minna opin, óþarfi að kvarta yfir öllu kannski. En mig langar ekkert að heyra í þessum bassa innan úr húsi hvorki á degi, kvöldi eða nóttu. Það eru innan við 35 metrar í næstu íbúðabyggð og því skil ég ekki hvers vegna þetta er leyft.

Í málsmeðferðarreglum borgarinnar segir að í umsögnum borgarráðs skuli m.a. horfa til reynslu sem fengist hefur af rekstri á staðnum og af umsækjanda.

Því óska ég eftir að sett verði skilyrði í rekstrarleyfið og með öllum tilteknum ráðum verði umfröðin stöðvuð þarna.

Kv, Berglind



Gullhamrar veitingahús ehf
Þjóðhildarstíg 2-6
113 Reykjavík

Reykjavík, 27. mars 2017

Efni: Notkun á hurð á suðurhlið fasteignarinnar Þjóðhildarstígs 2-6 og umferð um lóð.

Byggingarfulltrúinn í Reykjavík hefur tekið til skoðunar notkun hurðar á suðurhlið fasteignarinnar Þjóðhildarstígur 2-6, auk umferðar um baklóð. Tilfni þess eru ítrekaðar kvartanir sem borist hafa embættinu. Athugasemdirnar hafa m.a. snúið að því að hurðin sé nýtt fyrir afgreiðslu aðfanga til og frá sal á 2. hæð fasteignarinnar, og að umferð bifreiða um baklóðina að hurðinni valdi miklu ónæði, bæði vegna hávaða, umgengni og ljós frá bifreiðum.


Á síðustu samþykktum aðaluppdráttum dags. 2. júní 2015 er umrædd hurð merkt sem flóttaleið sbr. að hurðin er hluti af skilgreindri rýmingarleið. Hurðin er ekki merkt sem almennur inn- og útgangur, enda er gert ráð fyrir því að öll umferð um húsið sé frá norðurhlið þess á 1. hæð. Engin hurð á suðurhlið er merkt sem vörumóttaka, né er slíkrar móttöku getið í byggingarlýsingu. Af síðustu samþykktum lóðaruppdráttum dags. 2. júní 2015 er ekki sýnd aðkomuleið að hurðinni, enda verður ekki séð af uppdráttunum að ætlast sé til umferðar um baklóðina.

Í upphaflega samþykktu deiliskipulagi fyrir lóðina sem var birt í B- deild Stjórnartíðinda 4. nóvember 2005, segir um lóðarfrágang:

„Mikilvægt er að lóðir verði vel skipulagðar og á uppdráttum verði gerð grein fyrir frágangi á s.s. gróðri, hellulögn, bílastæðum, malbikun ásamt yfirbyggingu bílastæða“

Sami texti er einnig í nýjasta samþykktu deiliskipulagi sem var birt í B- deild Stjórnartíðinda 9. janúar 2014. Byggingarfulltrúi metur það svo, að þar sem gerð er krafa í deiliskipulagi að gerð sé grein fyrir bílastæðum, malbikun o.fl. á lóðaruppdráttum, þá er óhjákvæmilegt að líta öðruvísi á en svo, að óheimilt sé að leggja bifreið á baklóð þar sem ekki er gert ráð fyrir bílastæðum. Jafnframt að óheimilt sé að aka um lóðina þar sem að á aðaluppdráttum er kemur ekki fram að gert sé ráð fyrir akstri.

Með vísan til þess sem fram kemur hér á undan er það afstaða byggingarfulltrúa, að framangreind notkun á fasteigninni sé ekki í samræmi við samþykktu uppdrætti, né í samræmi við samþykkt deiliskipulag. Byggingarfulltrúi gerir kröfu til þess að látið verði af notkun framangreindar hurðar á suðurhlið fasteignarinnar án tafar, sem og að allur akstur um lóðina verði stöðvaður.


Nikulás Úlfar Másson, byggingarfulltrúi


Björgvin Rafn Sigurðarson hdl.







BORGARRÁÐ 20. júlí 2017: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um ábyrgð borgarstjóra á Orkuveitu Reykjavíkur, Veitum, og heilbrigðisnefnd - R17070107

Í skýrslu úttektarnefndar borgarstjórnar á stjórnkerfi og stjórnsýslu Reykjavíkurborgar sem gerð var 2013 kemur ítrekað fram að borgarstjóri sé æðsti embættismaður borgarinnar. Ein af stjórnsýslustofnunum Reykjavíkurborgar er heilbrigðisnefnd Reykjavíkur. Í eigendastefnu OR kemur m.a. fram að með skýrri eigendastefnu sé leitast við að skýra hlutverk og ábyrgð eigendanna og tryggja þátttöku þeirra í ákvörðun um mikilvæg málefni og stefnu og þannig eigi eigendastefnan að tryggja lýðræðislega, gagnsæja, faglega og skilvirka stjórnun fyrirtækisins. Óskað er eftir álit borgarlögmans og innri endurskoðanda á því hvort að a) eigendastefna OR firri borgarstjóra að einhverju leyti ábyrgð sína á vanrækslu og því tjóni sem bilun í skolpdælistöðunni við Faxaskjól hefur valdið, b) hefur það áhrif að Veitur er dótturfélag OR og c) ber borgarstjóri ekki ábyrgð á heilbrigðisnefnd Reykjavíkur?

R16050188

Laugardalsætt, kt. 440614-1750
Tjarnargötu 44,
101 Reykjavík.

Reykjavík, 17. október 2017

Til:

Borgarstjórn Reykjavíkur,
Ráðhúsi Reykjavíkur.
Tjarnargötu 7,
101 Reykjavík.

Efni: Víkurgarðurinn.

Laugardalsætt er félag afkomenda Katrínar Eyjólfsdóttur og Þorleifs Guðmundssonar á Böðmóðsstöðum í Laugardal. Afkomendur þeirra eru um 11.500. Meðal forfeðra félagsmanna eru hjónin Guðrún Magnúsdóttir og Narfi Ormsson sýslumaður. Þau voru síðustu ábúendur og eigendur Víkurjarðarinnar áður en danska konungsvaldið sölsaði jörðina undir sig.

Stjórn Laugardalsættar kom saman til fundar 10. október 2017. Á meðal þess sem var á dagskrá fundarins voru þær uggvænlegu áætlanir sem munu kóróna þann barbarisma sem átt hefur sér stað á undanförunum árum og áratugum varðandi Víkurgarðinn hinn forna grafreit Reykvíkinga. Stjórnin samþykkti að lýsa yfir fullum og eindregnum stuðningi við málflutning séra Þóris Stephensen og fleiri sem tala máli hins forna grafreits og þeirra sem þar liggja.

Guðrúnar Magnúsdóttur og Narfa Ormssonar er hvergi getið í lögsagnarumdæmi Reykjavíkurborgar. Stjórn Laugardalsættar telur það löngu tímabært að úr því verði bætt, t.d. með skildi eða áletruðum steini. Það minningarmark á hvergi annars staðar heima en í Víkurgarðinum sem var hluti af Víkurjörðinni, jörð þeirra hjóna. Grafsteinn þeirra hjóna var fjarlægður úr garðinum fyrir margt löngu þegar hann þótti vera í vegi húsbygginga.

Stjórnin beinir því vinsamlegast til borgarstjórnar að hún taki af skarið og sjái til þess að það sem eftir er af Víkurgarðinum verði sýndur viðeigandi sómi.

F. h. stjórnar Laugardalsættar,



Gylfi Kristinsson.

Afrit:

Formaður umhverfis- og skipulagsráðs
Hjálmar Sveinsson.

BORGARRÁÐ 19. október 2017: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um rekstur upplýsingarmiðstöðvar - R17100394

Í gildi er samningur Reykjavíkurborgar við ákveðið fyrirtæki um rekstur upplýsingamiðlunar, sölu og bókunarstarfsemi í Upplýsingamiðstöð ferðamanna í Reykjavík. Í samningnum er meðal annars fjallað um óhæði og hlutleysi og kveðið á um að tryggja beri jafna meðferð þeirra fyrirtækja sem óska eftir þjónustu Upplýsingamiðstöðvarinnar. Óskað er eftir álitum um hvort að umrætt fyrirtæki hafi heimild samkvæmt samningnum að hætta viðskiptum við aðila á þeim forsendum að þeir séu einnig með þjónustusamninga við önnur bókunar- og sölufyrirtæki.



Reykjavík 23. október 2017

Berist til Borgarráðs

Efni: Bókun hverfisráðs Grafarvogs frá hverfisráðsfundi sem haldinn var 17. október síðastliðinn.

Lagt fram til umsagnar minnisblað Strætó varðandi styttingu leiðar 6 og ný leið „6a“.

Hverfisráð Grafarvogs leggur fram eftirfarandi bókun:

„Hverfisráð Grafarvogs hefur tekið til afgreiðslu minnisblað frá Strætó frá 6. september 2017 varðandi breytingu á akstri leiðar 6. Hverfisráð mælist eindregið til að tillaga 3, Styttu að Staðahverfi, verðin fyrir valinu ásamt nýrri leið 6a. Mikilvægt er að sama þjónustustig verði í öllu hverfinu. Korpuskóli og Víkurskóli hafa verið sameinaðir og börn fara á milli í strætó. 30 mín tíðni ferða þar á milli er ekki ásættanleg. Ef strætó hættir að keyra um Gullengi fellur út ein stærsta stoppistöðin á leiðinni. Stoppistöð sem þjónar öllu Víkurhverfinu, stærstum hluta Engjahverfis og Borgarholtsskóla“

Virðingarfyllst,

fyrir hönd hverfisráðs Grafarvogs

Margrét Richter



R17020174



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík 19.10.2017

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 18. október 2017 varðandi eftirfarandi mál.


Gjaldskrá

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að gjaldskrá fyrir mehöndlun úrgangs í Reykjavíkurborg.

Samþykkt

Vísað til borgarráðs.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs


Björgvin Rafn Sigurðarson

Fylgiskjal: tillaga umhverfis- og skipulagssviðs.

GJALDSKRÁ

fyrir meðhöndlun úrgangs í Reykjavíkurborg.

1. gr.

Innheimta skal gjald fyrir meðhöndlun úrgangs í Reykjavíkurborg svo sem nánar greinir í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Gjald fyrir *blandaðan heimilisúrgang*:

Gjaldflokkur nr.	Tegund íláts og hirða	Gjald kr./ílát á ári
A.1	120 l spartunna, sótt minna en 15 metra frá hirðubíl á 14 daga fresti	13.100
A.2	120 l spartunna, sótt meira en 15 metra frá hirðubíl á 14 daga fresti	17.700
A.3	240 l grá tunna, sótt minna en 15 metra frá hirðubíl á 14 daga fresti	23.300
A.4	240 l grá tunna, sótt meira en 15 metra frá hirðubíl á 14 daga fresti	29.000
A.5	660 l ker, sótt minna en 15 metra frá hirðubíl á 14 daga fresti	64.075
A.6	660 l ker, sótt meira en 15 metra frá hirðubíl á 14 daga fresti	79.750

Gjald fyrir *flokkaðan heimilisúrgang*, pappírsefni:

Gjaldflokkur nr.	Tegund íláts og hirða	Gjald kr./ílát á ári
B.1	240 l blá tunna, sótt minna en 15 metra frá hirðubíl á 21 dags fresti	9.400
B.2	240 l blá tunna, sótt meira en 15 metra frá hirðubíl á 21 dags fresti	13.200
B.3	660 l blátt ker, sótt minna en 15 metra frá hirðubíl á 21 dags fresti	25.850
B.4	660 l blátt ker, sótt meira en 15 metra frá hirðubíl á 21 dags fresti	36.300

Gjald fyrir *flokkaðan heimilisúrgang*, plastefni:

Gjaldflokkur nr.	Tegund íláts og hirða	Gjald kr./ílát á ári
C.1	240 l græn tunna, sótt minna en 15 metra frá hirðubíl á 21 dags fresti	7.800
C.2	240 l græn tunna, sótt meira en 15 metra frá hirðubíl á 21 dags fresti	11.600
C.3	660 l grænt ker, sótt minna en 15 metra frá hirðubíl á 21 dags fresti	21.450
C.4	660 l grænt ker, sótt meira en 15 metra frá hirðubíl á 21 dags fresti	31.900

Gjaldi er ætlað að standa undir kostnaði við ílát, hirðu og förgun úrgangs.

Merktir pokar fyrir tilfallandi umfram blandaðan úrgang: 870 kr./stk.

Merktir pokar fyrir tilfallandi umfram pappírs- eða plastúrgang: 550 kr./stk.

Gjald fyrir aukalosun blandaðs úrgangs: 3.750 kr./ferð auk 1.115 kr./ílát sem losað er.

Gjald fyrir aukalosun pappírs- eða plastúrgangs: 3.750 kr./ferð auk 750 kr./ílát sem losað er.

Gjald vegna reksturs endurvinnslustöðva: 11.930 kr./íbúð. Gjaldi vegna endurvinnslustöðva er ætlað að standa undir kostnaðarhlutdeild Reykjavíkurborgar í rekstri endurvinnslustöðva SORPU bs.

Umsýslugjald vegna breyttrar þjónustu, akstur og skráning íláta, er 3.200 kr. fyrir hvert sinn sem óskað er breytinga.

3. gr.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi. Innheimtudeild Reykjavíkurborgar annast innheimtu gjalda skv. gjaldskrá þessari.

4. gr.

Gjalddagi gjalda skv. 2. gr. er útgáfudagur reiknings og eindagi 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga, séu gjöld ekki greidd á eindaga.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af borgarráði Reykjavíkurborgar með heimild í 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu í Reykjavíkurborg, nr. 1251/2015.

Borgarstjórinn í Reykjavík, XXXX.

Dagur B. Eggertsson




Reykjavíkurborg



Reykjavík, 27. september 2017

Herra borgarstjóri, Dagur B. Eggertsson




Skólalóðin í Húsaskóla

Hæ við erum nemendur í Húsaskóla og erum í nemendaráði. Á síðasta fundi ræddum við um skólalóðina og komumst að þeirri niðurstöðu að flestum í skólanum langar í battavöll, öðrum í skólanum langar til að mölin hjá ruslaskúrnum verði tekin svo það verði örruggara í boltaleiknum Yfir. Okkur langar líka til að fá gúmmímottur undir rólurnar. Við viljum líka fá klifurgrind á leikvöllinn og gott væri að losna við tréstaurlana. Nemendur óska líka eftir skemmtilegri leiktækjum t.d. snúningstæki, betri og stærri kastala og klifurgrind. Að lokum körfuboltavöll með tveimur körfum svo hægt sé að spila leik.

Fyrir hönd nemendaráðsins í Húsaskóla


Ásta í 7. Í og Unnur í 6. B.

P.s. Meðfylgjandi eru nokkrar myndir sem yngri nemendur skólans teiknuðu.



data viki

plastik
postaja




Vino papper




gos brut


sandpass




Battavöllur




Betta völlum -




Misurgrind



AParóla



Renibrútt





Klifur tæki
gaman að

Það er
klifra.

Kóngulóaróla
að vera í

Það er gaman
kóngulóaróla



Grafarvogur 25. september 2017

Kæri Dagur B. Eggertsson borgarstjóri.

Málsnr. 216110062
Skjalasafn Ráðhúss
28. sep. 2017
Bréfalykill. 4400

Ég er strákur í 3. bekk í Húsaskóla. Það skemmtilegasta sem ég geri er að spila fótbolta. Mér finnst mjög skrýtið og óréttlátt að Húsaskóli sé eini skólinn í Grafarvogi þar sem ekki er Battavöllur. Það hafa orðið slys þegar krakkarnir spila fótbolta og um daginn fékk strákur í skólanum heilahristing þegar hann datt. Ég og skólafélagar mínir óskum okkur þess að þú látir setja Battavöll á skólalóðina okkar sem fyrst.

Kær kveðja, Baldur Hrafn Einarsson

UNNAR 2/9/17

ALTUR EYGIÓ ÍRIS
Helga María Díljá Harpa Júlía
Hilnrik ída María J Jakob
Margrét Jóna Eiríkur
Kalla
Margrét-
Þórhildur Baldur

Reykjavík 18. október 2017

**Ályktun stjórnar Foreldrafélags Melaskóla og
fulltrúa foreldra í skólaráði Melaskóla
samþykkt á fundi 16. október 2017**

Foreldrafélag Melaskóla, skólaráð og aðrir foreldrar í skólanum hafa síðastliðið ár ítrekað komið á framfæri áhyggjum sínum af húsnæðismálum skólans og kröfum um tafarlaugar úrbætur. Í fyrri ályktunum okkar um þetta efni kom m.a. fram að húsnæði Melaskóla og sú aðstaða sem nemendum, kennurum og öðru starfsfólki er boðið upp á væri algerlega óviðunandi og dugi ekki þeim fjölda nemenda sem sækja skólann. Sérlega vanti fleiri almennar bekkjarstofur og sérgreinastofur til kennslu. Mötuneyti skólans, aðgengismál, salernismál og vinnuaðstaða kennara væri ófullnægjandi. Sérkennslurými og aðstaða til að kenna íslensku sem annað móturmál væri til háborinnar skammar. Þá á frístundaaðstaða í bráðabirgðaskúrum á lóð 15 ára afmæli um þessar mundir.

Eftir mikil fundahöld og samskipti við Reykjavíkurborg síðastliðinn vetur var tilkynnt nú í vor að byggt myndi verða við Melaskóla og úrbætur gerðar á núverandi skólahúsnæði og að málið yrði um áramót sett á fjárhagsáætlun. Frá því þetta var tilkynnt er okkur ekki kunnugt um hvort og hvað hefur verið gert til að fylgja málinu eftir, undirbúa það og eiga nauðsynlegt samráð við skólann, foreldra og aðra sem að málinu þurfa að koma. Okkur er kunnugt um að fulltrúi skólasamfélagsins úr hópi foreldra óskaði fyrir 10 dögum eftir upplýsingum um þetta en því hefur ekki verið svarað.

Við lýsum yfir áhyggjum okkar vegna þessa og óskum eftir fundi með þeim fulltrúum borgarinnar sem bera ábyrgð á að fylgja eftir úrbótum í húsnæðismálum Melaskóla eigi síðar en 25. október 2017.

Ályktun þessi er send:

Deigi B. Eggertssyni borgarstjóra,
Borgarfulltrúum og varaborgarfulltrúum í Reykjavík
Skóla- og frístundasviði Reykjavíkur
Umhverfis- og skipulagsráði Reykjavíkur



Reykjavík 23. október 2017

Berist til Borgarráðs

Efni: Bókun hverfisráðs Grafarvogs frá hverfisráðsfundi sem haldinn var 17. október síðastliðinn.

Fram fer umræða um afgreiðslutíma sundlauga í Reykjavík.

Hverfisráð Grafarvogs leggur fram eftirfarandi bókun:


„Hverfisráð Grafarvogs mælist til að Íþrótt- og tómstundaráð Reykjavíkur og Borgarstjórn tryggi sama afgreiðslutíma í sundlaug Grafarvogs og er í öðrum sundlaugum borgarinnar þ.e. afgreiðslutími verði mánudaga til föstudaga kl 6:30 til 22:00 og um helgar 9:00 - 22.00. Fyrir liggur að Vesturbæjarlaug, Breiðholtslaug, Sundhöllinn í miðborginni og Laugardalslaug verða með opið til 22.00 alla daga vikunnar, virka daga sem og helgar og er ótækt að hverfissundlaugar í barnstærstu hverfum borgarinnar séu með styttri afgreiðslutíma heldur en aðrar sundlaugar í borginni. Sund er holl og góð íþrótt sem og afþreying fyrir alla, sama á hvað aldri við erum. Áfram sendist til Borgarráðs og Íþrótt- og tómstundaráðs.“

Virðingarfyllst,

fyrir hönd hverfisráðs Grafarvogs

Margrét Richter





Reykjavíkurborg
Ráðhúsinu
101 Reykjavík

Garðabæ, 17.10.2017
Mál nr. 1710094

Efni: Aðalskipulag Reykjavíkur - Laugavegur-Skipholt, reitur 25

Á fundi skipulagsnefndar þann 12.október sl var tekið fyrir ofangreint mál og eftirfarandi bókun gerð.

„Engar athugasemdir eru gerðar við verklýsingu aðalskipulagsbreytingarferlisins.“

Afgreiðslu málsins er vísað til bæjarstjórnar.

Virðingarfyllst,

Arinbjörn Vilhjálmsson
skipulagsstjóri

-----Upphaflegt skeyti-----

From: sverrirvil@isl.is [mailto:sverrirvil@isl.is]

Sent: 23. október 2017 20:24

To: Upplýsingar - Pósthólf Símaver

Subject: Íslandsvarðan

Háttvirta Borgarstjórn,

Til kynningar tek ég fram að ég heiti Sverrir Vilhjálmsson og er náfrændi Jóhanns Kr. Eyfells listamanns, sem skapaði Íslandsvörðuna, sem stendur við Sæbraut í Reykjavík. Mér og honum skilst að Borgin hafi boðið Jóhanni US\$ 250.000 fyrir listaverkið, sem hefur verið að láni hjá Borginni í sjö ár. Jóhann segir að þessi upphæð dekki aðeins efniskostnað í Íslandsvörðuna, sem eru dýrir málmar.

Vill hann fá nokkra umbun fyrir sína vinnu, eða US\$ 50.000. Yrði þá fullnaðarverð fyrir Íslandsvörðuna US\$ 300.000. Mun þessu hafa verið komið á framfæri við Borgarstjórn. Nú langar mig að spyrja, hvort þetta mál sé í athugun og til umræðu eða hvort það sé ekki til umræðu og þar með dautt. Ég vonast eftir svari, því að það er mjög erfitt að vera í óvissu vikum og mánuðum saman.

Virðingarfyllst,

Reykjavík, 24. október, 1917

Sverrir Vilhjálmsson

Frostafold 20

112 Reykjavík

sverrirvil@isl.is

216070114
310-1



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Borgarstjórinn í Reykjavík
Dagur B. Eggertsson
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík

Reykjavík, 16. október 2017
Tilvísun: 1255 / 201604-0047

Suðurgötu 39
101 Reykjavík

Aðalgötu 23
550 Sauðárkróki

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280


Erindi: Hljómskálinn við Reykjavíkurtjörn - friðlýsing

Það tilkynnist hér með að mennta- og menningarmálaráðherra hefur ákveðið að fenginni tillögu Minjastofnunar Íslands að friðlýsa Hljómskálann við Reykjavíkurtjörn, Sóleyjargötu 2, Reykjavík (fastanr. 200-2959). Friðlýsingin nær til ytra borðs hússins. Friðlýsingarskjalið var undirritað 26. september 2017.

Samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 verður friðlýsingunni þinglýst.

Eigendum og öðrum þeim er málið varðar er óskað til hamingju með þessa ákvörðun ráðherra.

Virðingarfyllst,
f. h. Minjastofnunar Íslands


Kristín Huld Sigurðardóttir
forstöðumaður

Hjálagt:
Friðlýsingarskjál mennta- og menningarmálaráðuneytis dags. 26. september 2017
Tilkynning mennta- og menningarmálaráðuneytis um friðlýsingu dags. 6. október 2017
Friðlýsingarskilmálar

Samrit:
Lúðrasveit Reykjavíkur
Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur
Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu



MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Ráðherra gjörir kunnugt

Með vísan til 3. mgr. 18. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar hefur mennta- og menningarmálaráðherra ákveðið að fenginni tillögu Minjastofnunar Íslands að friðlýsa Hljómskálann við Reykjavíkurtjörn, Sóleyjargötu 2, 101 Reykjavík (fastanr. 200-2959). Friðlýsingin tekur til ytra borðs hússins.

Reykjavík, 26. september 2017

A handwritten signature in black ink, reading "Kristján Þór Júlíusson".

Kristján Þór Júlíusson



Minjastofnun Íslands	
Lykill _____	Abm. _____
Mótt.	10. okt. 2017
Málanr.	
Afgr.	

Minjastofnun Íslands
Kristín Huld Sigurðardóttir
Suðurgötu 39
101 Reykjavík

MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Solvhólsgrötu 4 101 Reykjavík
sími 545 9500 bréfasími 562 3068
postur@mni.is menntamálaraduneyti.is

Reykjavík 6. október 2017
Tilv.: MMR17050063/12.13.7-

Efni: Friðlýsing Hljómskálans við Reykjavíkurtjörn

Mennta- og menningarmálaráðherra hefur samþykkt tillögu Minjastofnunar Íslands um friðlýsingu Hljómskálans við Reykjavíkurtjörn, Sóleyjargötu 2, 101 Reykjavík. Friðlýsingarskjalið var undirritað 26. september 2017.

Samkvæmt 19. grein laga um menningarminjar nr. 80/2012, skal friðlýsingu þinglýst sem kvöð á fasteign sem í hlut á og skal Minjastofnun Íslands með sannanlegum hætti tilkynna landeiganda, húseiganda, hlutaðeigandi lögreglustjóra og bæjar- eða sveitarstjórnum ákvörðun um friðlýsingu.

Minjastofnun Íslands er vinsamlegast falið að þinglýsa friðlýsingunni og tilkynna hlutaðeigandi aðilum um hana samkvæmt ákvæðum laganna.

Fyrir hönd ráðherra


Karitas H. Gunnarsdóttir


Ragnheiður Helga Þórarinsdóttir

Friðlýsingarskilmálar



Minjastofnun
Íslands

Hús / mannvirki: Hljómskálinn við Reykjavíkurtjörn, Sóleyjargötu 2, 101 Reykjavík

Fastanúmer*: 200-2959

Landnúmer*: 100965 **Sveitarfélag:** 0000 Reykjavíkurborg

Eigendur húss / mannvirkis*: Lúðrasveit Reykjavíkur, kt. 440269-1929

Landeigandi*: Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609

Byggingarár*: 1923

Umfang friðlýsingar: Friðlýsingin tekur til ytra borðs hússins

Rökstuðningur friðlýsingar:

Hljómskálinn við Reykjavíkurtjörn hefur menningarsögulegt gildi sem fyrsta hús á landinu sem byggt var sérstaklega fyrir tónlistarstarfsemi. Þar var fyrsti hljóðfæraskóli landsins starfræktur 1922-24 og Tónlistarskóli Reykjavíkur hóf þar starfsemi 1930. Einnig æfði Hljómsveit Reykjavíkur, forveri Sinfoníuhljómsveitar Íslands, í Hljómskálanum. Skálinn er tvílyftur, áttstrendur turn með þaksvölum ætluðum fyrir útitónleika, teiknaður af Guðmundi H. Þorlákssyni húsameistara og reistur árið 1922. Byggingarstill hljómskálans ber öll einkenni steinsteypuklassíkur en lögun hans og uppbygging gerir mannvirkið einstakt í íslenskri byggingarsögu. Hljómskálinn stendur á áberandi stað í miðbænum og er mikilvægur hluti af Hljómskálagarðinum, fyrsta bæjargarði Reykjavíkur, sem við hann er kenndur.

Úr lögum nr. 80/2012 um menningarminjar:

Ráðherra ákveður friðlýsingu eða afnám friðlýsingar að fenginni tillögu Minjastofnunar Íslands.

Minjastofnun Íslands skal láta þinglýsa friðlýsingu sem kvöð á eign þeirri sem í hlut á.

Óheimilt er að gera nokkrar breytingar á friðlýstu húsi eða mannvirki án vitundar Minjastofnunar Íslands. Við endurbætur og viðhald friðlýstra húsa og mannvirkja skal leita álits og ef til þarf leyfis Minjastofnunar Íslands með minnst sex vikna fyrirvara.

Vilji eigandi friðlýstrar eignar ráðast í framkvæmd sem leyfi þarf til skal hann í umsókn sinni til Minjastofnunar Íslands lýsa fyrirhuguðum framkvæmdum og láta uppdrátt fylgja. Stofnunin skal svo fljótt sem við verður komið og í síðasta lagi innan fjögurra vikna frá því að umsókn berst gera eiganda grein fyrir afstöðu sinni. Setji stofnunin það skilyrði fyrir samþykki sínu að verk sé framkvæmt á tiltekinn annan hátt en tilgreindur er í umsókn er eiganda skylt að hlíta því.

Sæki eigandi um styrk úr húsafriðunarsjóði vegna aukakostnaðar sem hlýst af tilmælum stofnunarinnar skal hann njóta forgangs eftir því sem skyldur sjóðsins og fjárreiður leyfa.

Leyfi stofnunarinnar þarf til að setja skilti eða aðrar áletranir á friðlýst hús eða mannvirki.

Verði friðlýst hús eða mannvirki fyrir spjöllum af eldi eða öðrum ástæðum skal eigandi eða sá er afnot hefur af mannvirkinu gera Minjastofnun Íslands viðvart um það þegar í stað. Lætur stofnunin þá fara fram skoðunargerð og mat á spjöllum.

Ef breytingar hafa verið gerðar á friðlýstu húsi eða mannvirki án leyfis Minjastofnunar Íslands getur stofnunin mælt svo fyrir að eigandi skuli færa það í fyrra horf innan hæfilegs frests.

Ef viðhald friðlýsts húss eða mannvirkis er vanrækt getur Minjastofnun Íslands lagt fyrir eiganda að gera umbætur innan hæfilegs frests. Líði sá frestur án þess að úr sé bætt getur stofnunin látið framkvæma nauðsynlegt viðhald og umbætur á kostnað eiganda eða lagt á dagsektir, sbr. 55. gr.

Vilji eigandi friðlýsts húss eða mannvirkis rífa það eða flytja skal hann sækja um niðurfellingu friðlýsingar til Minjastofnunar Íslands áður en sótt er um byggingarleyfi hjá viðkomandi sveitarfélagi. Stofnunin skal svo fljótt sem við verður komið og í síðasta lagi innan fjögurra vikna frá því að umsókn berst senda ráðherra umsóknina með tillögum sínum um hvort umsókninni skuli hafnað, hún samþykkt eða að öðrum kosti hvort skilgreina skuli að nýju til hvaða þátta friðlýsing nær.

Ef byggingarfulltrúi sveitarfélags verður var við að friðað eða friðlýst hús eða mannvirki hafi orðið fyrir spjöllum eða að því sé ekki vel við haldið skal hann gera Minjastofnun Íslands viðvart án tafar.

Minjastofnun Íslands hefur rétt til að framkvæma eiganda að kostnaðarlausu hvers konar eftirlit með friðlýstu húsi og mannvirki og skoðanir sem gera þarf vegna ákvæða þessa kafla.

Heimilt er að lækka eða fella niður fasteignagjöld af friðlýstum fasteignum.